



# Öldungaráð Hafnarfjarðar

2. Stjórnarfundur haldinn þriðjudaginn 16.febrúar 2016 kl 16:00 í Ráðhúsi Strandgötu 6.

---

## Fundargerð

Mættir: Elísabet Valgeirsdóttir, formaður, Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir, Lilja E. Kristjánsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Jóhanna Axelsdóttir og Sjöfn Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Guðmundur Fylkisson og Guðmundur Sigurðsson

## Dagskrá:

Umræður um vettvangsheimsóknir síðustu vikna:

Heimsendur matur og mötuneytin: Það hafa verið margar óánægjuraddir vegna matarins í mötuneytum á Hjallabraut og Sólvangsvegi. Öldungaráð mun fara aftur og athuga hvernig maturinn er og fylgjast vel með. Eldhúsið á Sólvangi sá um matinn í mötuneytinu á Sólvangsvegi 1. Íhugun um hvort að þeir hafi verið með í útboðinu.

Eftirmiðdagskaffi á Hjallabraut: Margar óánægjuraddir með að ekki sé lengur boðið upp á meðlæti með kaffinu. Umræða um hvernig hægt sé að bregðast við. Gott væri að í stað þess að þeir sem vilja kaffi, skrái sig á lista þá væri hægt að hafa bauk sem fólk greiddi fyrir kaffið og gæti þá fyrir þann pening keypt meðlæti með kaffinu og komið með það.

Hrafnista: Vel tekið á móti gestum. Matur til fyrirmyndar. Flottur grænmetisbar og góður eftirrétur. Þetta var bara matur þessa dags. Skammtað fyrir heimilismenn, en gestir fengu sér sjálfir.

Þjónustuíbúðir: Skilgreining og umræða.

Drafnarhús: sjá greinargerð frá formanni.

Íbúafundur: Akstursmál. Í dag eru bara vinnureglur sem unnið er eftir. Samþykktar eru 8 ferðir á mánuði fyrir aldraða.

Hraunsel: Mikil hálka er á planinu og þarf að sanda. Þeir sem hafa hug á að mæta í Hraunsel og taka þátt í þeirri starfssemi sem þar fer fram eiga þess kost að hringja og panta bíl, geti þeir ekki komist hjálparlaust á eigin bíl eða með almenningsvagni. Athuga þarf hvort hægt er að fá leigubíl í félagsstarf hjá öðrum en bænum t.d. spilakvöld hjá Haukunum 1x mánuði.

Enginn getur allt en allir geta eitthvað

Önnur mál.

Fundarritari: Sjöfn Guðmundsdóttir

Enginn getur allt en allir geta eitthvað